



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyt
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2023

2312015SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, S-232/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

Markmið grænbókarinnar er að leggja mat á stöðu í málefnum innflytjenda og flóttafólks og greina áskoranir og tækifæri til framtíðar. Þá er lykilviðfangsefnum í grænbók ætlað að leggja grunn að framtíðar stefnumótun.

Almennt um grænbókina

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga er m.a. að finna eftirfarandi áhersluatriði sem tengjast málefnum innflytjenda og flóttafólks:

- 4.8 Sambandið beiti sér fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga og ríkisins um málefni fólks af erlendum uppruna til að sinna þörfum þessara íbúa.
- 4.9 Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið taki ábyrgð á stöðu einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd og veiti sveitarfélögum fjármagn fyrir grunnþjónustu þeirra.
- 4.10 Sambandið vakti framkvæmd samkomulags um samræmda móttöku flóttafólks ásamt því að kynna fyrirkomulagið fyrir sveitarfélögum.
- 4.18 Sambandið beiti sér fyrir því að auka kosningaþátttöku og almenna lýðræðisþátttöku allra íbúa. Lögð verði sérstök áhersla á þekkingaruppbyggingu og aðgerðir til að ná til íbúa af erlendum uppruna og ungs fólks og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku og lýðræðislega virkni þessara hópa, í gegnum tilheyrandi ráð og aðgerðir.
- 5.5 Sambandið leggi áherslu á samtal og samvinnu sveitarfélaga og ríkis vegna stuðnings við börn í viðkvæmri stöðu s.s. börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn, börn með fjölbreyttar stuðningsþarfir, börn á flótta eða börn með fötlun.
- 5.11 Sambandið beiti sér fyrir því að tryggt sé að greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga renni í grunnskólamenntun barna af erlendum uppruna, óháð sveitarfélagi.

Almennt telur sambandið ekki tilefni til athugasemda við efni grænbókarinnar og telur hana draga vel fram þær áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir m.a. út frá fjölgun innflytjenda. Þá tekur sambandið undir þá framtíðarsýn sem sett er fram þ.e. að á Íslandi sé inngildandi samfélag sem geri ráð fyrir fjölbreytileika og að tækifæri til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins séu jöfn, óháð uppruna. Þá sé samfélagið styðjandi við innflytjendur og réttindi og skyldur byggja á trausti og gagnsæi.

Sambandið vekur þó athygli á því að í grænbókinni er ekkert fjallað um þann hóp umsækjenda um alþjóðlega vernd sem fengið hefur synjun og ekki nýtur lengur réttinda í samræmi við 33. gr. útlendingalaga nr. 80/2016 þrátt fyrir að staða þessa hóps hafi verið töluvert til umræðu undanfarna mánuði og óljóst sé hvernig leysa eigi stöðu hans.

Um lykilviðfangsefni

Ekki verður annað sagt en að ágætis samhljómur sé með grænbókinni og stefnumörkun sambandsins hvað lykilviðfangsefnin varðar.

Fyrsta lykilviðfangsefnið varðar upplýsingagjöf sem er afar mikilvæg en þar er nauðsynleg að hafa í huga að flóttafólk hefur búið við langvarandi erfiðleika og áfallastreita getur valdið því að veita þarf upplýsingar oft og á mismunandi formi til að upplýsingagjöfin skili tilætluðum árangri.

Önnur áhersla fjallar um mikilvægi þess að efla kennslu í íslensku og tryggja aðgengi að fjölbreyttu námi fyrir ólíkan aldur og jafnt aðgengu um allt land. Sambandið tekur undir þá áherslu en telur að það mætti vera sérstök áhersla á þjónustu við grunnskólabörn. Huga þarf séstaklega að börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og hvernig námi þeirra er háttað fyrst um sinn enda er um að ræða sívaxandi hóp.

Að mati sambandsins mætti eitt af lykilviðfangsefnum fjalla sérstaklega um þann hóp innflytjenda og flóttafólks sem er í sérstaklega viðkvæmri stöðu t.d. vegna fötlunar. Það hefur verið áhersla íslenskra stjórnvalda að taka á móti sérstaklega viðkvæmum hópum og þá þarf að tryggja að nauðsynlegur stuðningur í formi þekkingar og fjármagns fylgi þeirri ákvörðun enda geta falist miklar áskoranir í að veita þeim hópi þjónustu við hæfi. Að sama skapi er nauðsynlegt að einfalda kerfið í kringum samræmda móttöku flóttafólks en að mati sambandsins fer nú of mikill tími í umsýslu sem kemur niður á þjónustunni. Þá þarf að skerpa á stuðningi við sveitarfélög varðandi þessa hópa.

Að lokum

Það er alveg ljóst að sú framtíðarsýn sem sett er fram í grænbókinni nær ekki fram að ganga nema með góðri samvinnu fjölda aðila m.a. ríkis og sveitarfélaga. Þá þarf að tryggja að þær aðgerðir sem ráðist verður í til að ná markmiðum grænbókarinnar verið kostnaðarmetnar og fjármögnun þeirra tryggð. Sambandið væntir því góðs samstarfs við ráðuneytið um næstu skref.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur